

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu iðgjalda gjaldárið 1979 vegna gjaldstofna ársins 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara skulu höfuðstólsandvirði sýslalífeyris og annað fé sýslatrygginga renna til varasjóðs sýslatrygginga. Úr þeim sjóði skal síðan inna af hendi eingreiðslur og greiðslur sjúkrahjálpar vegna bótaskyldra slysa, sem orðið hafa fyrir árslok 1978, svo og lífeyris og dagpeninga vegna tímabils fyrir árslok 1978.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýttast ekki á vinnumarkaðinum, og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bæt看ur lífeyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir:

75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið,

50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið, og

25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið og telst þá samningstímabilj lokið.

Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

16. maí 1978.

Nr. 60.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svo hljóðandi:

Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í 3. tölulið.

Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.

Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hverrar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefnda“ í 2. málsg. komi: jarðanefnda.

8. gr.

Við 39. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsg. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.